

## Drengjaumræðan, Þorgerður og Þorsteinn

[https://stundin.is/thaettir/karlmennskan-hladvarp/kynjafraedi-drengjaordraeda-og-feminismi-thorgerdur-einarsdottir/?fbclid=IwAR05wtzoyWU5qzIhrQBc2uQbCmvi6W6pqkXHTWGPTLhHxpLOrSC3cyUN\\_fY](https://stundin.is/thaettir/karlmennskan-hladvarp/kynjafraedi-drengjaordraeda-og-feminismi-thorgerdur-einarsdottir/?fbclid=IwAR05wtzoyWU5qzIhrQBc2uQbCmvi6W6pqkXHTWGPTLhHxpLOrSC3cyUN_fY)

Nefndur er Þorsteinn nokkur Einarsson, kynjafræðingur frá HÍ. Hann hefur fengið styrkveitingu til að kenna Íslendingum kynjafræði, sem er eins konar dulnefni fyrir kvenfrelsunarfræði eða «femíníska kynjafræði.» Hér á hann viðtal við Þorgerði Einarsdóttur, prófessor í kynjafræði við HÍ, fyrrum kennara sinn eins og fram kemur. Þorgerður eys af viskubrunni sínum. Ég hvet fólk til að hlýða á. Hér eru glefsur úr spjalli þeirra um drengi í skóla og kynjafræði:

«Drengjaorðræðan, aumingja drengirnir í skólanum» gerir Þorgerði harla vonlausa, þar sem hún kemur nú upp í þriðja sinn á tuttugu árum, því á sínum tíma höfðu þau, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, farið rækilega «í gegnum þetta.» Ingólfur, sem er kvenfrelsunaruppeldisfræðingur, hefur t.d. skrifað bók um jafnréttisuppeldi, sem allir ættu að lesa. Því er m.a. haldið fram, að kyn kennara skipti ekki máli fyrir karlmennskubroskun.

Varðandi hugmyndir um, að virkja þurfi athafnaþörf drengja (skapa spennu) við nám, segir Þorgerður; “en út frá öllum okkar þælingum um karlmennsku, þá mundum við eiginlega þurfa þveröfugt, vegna þess að við munum þurfa kannski efni sem hjálpar strákum að klifra niður úr hörkulegum karlmennskuhugmyndum.»

Um eðlishyggju: «Það eru þessar hugmyndir um að við höfum sem sagt litninga, hórmon eða eitthvað slíkt, sem stjórna okkur. Það auðvitað skiptir stelpum og strákum upp í tvo andstæða flokka. En við segjum nú stundum í kynjafræðinni, að ... auðvitað sé meðaltalsmunur, ef við tökum karlmenn og konur. Nú erum við auðvitað að tala um miklu fleiri kyn, ekki bara stráka og stelpur, karla og konur, heldur mörg kyn. Ef við tökum barna tvö kyn, karla og konur, þá er alltaf meðaltalsmunur. Karlar eru að meðaltali hávaxnari en konur, og þyngri, en það er fullt af konum, sem eru stærri og þyngri heldur en fullt af körlum. Þá er stundum sagt að breytileikinn innan kyns sé meiri en milli kynja. En við þrýstum þessu niður í tvo flokka. Og það þýðir hérna með því að flokka þetta svona, að stráka vanti þetta og stelpur vanti hitt, þá erum við að gera okkur einsleita mynd af þeim. Það er fullt af strákum, sem þyrftu sömu þjálfun ... og stelpur, svona kannski að rækta með þeim – hvað á ég að segja – djörfung og eitthvað. Og það er fullt af stelpum, sem þyrftu þjálfun kannski í tilfinningavinnu. {Þorsteinn stynur; „já einmitt.“} En það er kannski minnihluti. En við erum kannski að steypa þau í tvö mót.“

Um drengjaorðræðuna og „skólann og allt þetta“: „Við sjáum eitthvað mynstur, og það er dálítið áhugavert í þessum könnunum t.d. á námsframmistöðu, þessar Pisa kannanir og þetta, það koma alltaf einhverjar kannanir, sem sýna þetta og þetta, og svo breytast þær aðeins. Mér finnst það mjög lítið sett í samhengi við alls konar utanaðkomandi áhrif, t.d. ef við tökum bara tölvunotkun, tölvuleiki, netið og annað slíkt, eins og ég sagði áðan erum við að beina sjónum að skólakerfinu ; það eru of margir kvenkennarar og slíkt.“

„Klámáhorf íslenskra stráka hefur verið mjög hátt, í norrænum könnunum ... mælst hæst á Norðurlöndum“

„Eðlishyggjan ... þessi hugmynd, að þetta sé allt í genunum eða hormónum, að hún verður náttúrulega, þú veist, það verður lítið eftir, þegar við hugsum um öll félagslegu áhrifin. [„Já, já einmitt,“ segir Þorsteinn] Þau hafa náttúrulega gríðarlega mikið að segja. ... Við erum alltaf að endurskapa þessar hugmyndir. ... Það eru ákveðin valdatengsl í þessu. Við eru að endurskapa kynin. Það er vandamálið. Við erum að endurskapa þessi

valdatengsl ... í nýjum búningum; gætu verið tölvur, tölvuleikir – ég veit ekki. ... Valdið færir sig svolítið til.  
[Þorsteinn stynur armæðulega: „Já, já.“]

„Þetta hafa fræðingar svolítið verið að tala um. Við verðum að horfa á sem sagt valdadýnamíkina, valdatengslin í þessu. Talandi um karlmennsku og kvenleika; það eru undirliggjandi hugmyndir, sem eru vandamálið. Það er kannski ekki bara fótboltinn, heldur hvernig við sköpum kyn og valdatengsl í öllu þessu. [Þorsteinn gefur einkunn: „Þetta var ótrúlega innihaldsríkur inngangur.“]

Þorsteinn spyr, hvað geri kynjafræðina að fræðigreini: „Ég myndi segja, að kynjafræði væri bæði sjálfstætt fræðasvið, sjálfstæð fræðigreini, og sjónarhorn innan annarra fræða. Fyrst var hún bara sjónarhorn innan annarra fræða. Og þá getum við sagt, að það var kannski félagsfræði og bókmenntafræði og alls konar fræðigreinar, sem fara að horfa á kyn. Upp úr 1968 þá voru hérna stéttarrannsóknir mjög vinsælar. Þá fór fólk að horfa á stéttir .... Svo þegar kynjafræðin verður sjálfstæð fræðigreini, þá er það að hluta til stofnanalegs eðlis. Þá hefur hún sérstök námsskeið, ekki bara sjónarhorn innan greina, það verða námslínur, það verða ráðnir kennarar, það verða sérstakar rannsóknir. Rannsóknirnar eru kannski aðal aðalsmerkið. .... Svo getum við sagt líka, að þegar við horfum á inntak fræðanna, þá eru það bæði kenningalegt, fræðilegt, og aðferðafræðilegt.

Og við getum sagt, [að] kenningar í kynjafræði eru oft bara sprotnar úr kenningahefðum innan annarra fræðigreina. ... Það verða kenningahefðir, sem horfa á kyn í margvíslegum skilningi, en líka aðferðafræðilegt. Og aðferðafræðilega getur kynjafræðin verið bæði eigindleg eða megingdleg, ....

Eigindlega aðferðafræðin er kannski algengari í kynjafræði, og það er ... eigindleg gögn; það eru viðtöl, það er vettvangsrannsóknir og annað slíkt. En það, sem kynjafræðin hefur lagt af mörkum, ... margir sammála því ... svona aðferðafræðilega vísindagagnrýni; gengur út að það að hérna, það er ekkert sem heitir vísindaleg aðferð með stórum staf, sem gefur þér hlutlægni, þannig að aðferðin skapi alveg skothelda þekkingu og allir geti komist að sömu niðurstöðu, heldur sé fræðimaðurinn alltaf staðsettur á réttum stað.

Og þetta að gera grein fyrir sjálfum sér, það er bara viðtekið, tókum t.d. bara lyfjafræðirannsóknir, að þú þarft að gera grein fyrir, hver kostaði rannsóknirnar og annað slíkt. ... Þess vegna gera kynjafræðingar grein fyrir sér og það byggist á þeirri hugmynd, að það sé í rauninni hæpið að tala um algjörleg hlutlæga eða hlutlaus ... vísindi, af því, að vísindamaðurinn er alltaf staðsettur einhvers staðar. ... Það voru karlar sem sköpuðu vísindahefðina, ekki bara karlar, það voru hvítir, vestrænir millistéttarkarlar, og það er bara margra alda umræða um það ... Þeir sáu heiminn út frá sínum sjónarhóli og það þurfti aðra með jaðarsetningu til að koma auga á það og benda á það. [Þorsteinn stynur: „Já.“] Þetta hefur fylgt kynjafræðinni. ... framlag kynjafræða, femínískra fræða til aðferðafræða.“

Sögulega fer þorgerður með rangt mál. Fjallað var um stöðu og áhrif rannsakanda í vísindum í vísindaheimspeki, eðlisfræði og gagnrýnum félagsvísindum, löngu áður en svokölluð kynjafræði (woman studies, feminist studies, gender studies), kvenfrelsunarskrumstæling á kynfræði (sexology), komst á koppinn. Það eina, sem kvenfrelsarar í raun hafa lagt til málanna, er sú sannfæring (eigindleg aðferð), að reynsla einstakrar konu sé prófsteinn á gildi og sannleika kenningar (og sanngirni laga t.d.). Stundum hafa þeir bent á, að konum sé hlíft, t.d. í rannsóknnum á (hugsanlega) hættulegum aukaverkunum lyfja. Það er vissulega dæmigerð karlmennska.

Það er dæmigerð kvenfrelsunareinföldum að halda, að allir „hvítir millistéttarkarlar“ hugsi eins. Allar konur hugsa heldur ekki eins. Kvenfrelsararnir sitja ævinlega, þegar upp er staðið, fastir í tvískautuninni, sem þeim er svo illa við, t.d. þegar talað er um kyn.

Kyneðli er erfðafræðilegt og sálerfðafræðilegt hugtak, sem lýsir mismuni kynjanna með tilliti til arfgerðar, byggingar og eiginleika að vissu marki. Sálerfðafræðin, sem á rætur í erfðafræði og þróunarsálfræði (evolutionary psychology), lýsir almennum tilhneigingum kynjanna til hugsunar og hátternis. Þvermenningarleg sálfræði og mannfræði lýsa með hvaða hætti karlmennska og kvenmennska mótast við mismunandi félagslegar aðstæður. Í eðlishyggjuhugtakinu felst að sjálfsgöðu, að eiginleikum sé misdreift innan kyns og milli kynja. Í fræðum um kyneðli er hvergi talað um, að hugsun og hátterni skýrist eingöngu af erfðum.